

Skólaráðsfundur 17. desember 2024

Mættir: Trostan, Birgitta, Íris Olga sem ritaði fundargerð, Sólrún Jóna, Friðrik Logi, Halldór, Kristvina, Gunnar Sig og Sirrý Sif.

Dagskrá:

- Viðhald Varmahlíðarskóla á næsta ári. (sjá bls. 24 í [fjárhagsáætlun sveitafélagsins](#))
- Rekstur Varmahlíðarskóla árið 2023, (yfirlitsskjal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga)
)
- Önnur mál

Fundur:

- Viðhald Varmahlíðarskóla:

Trostan ræddi fjárhagsáætlun sveitafélagsins, nánar tiltekið hluta hennar er snýr að Varmahlíðarskóla. Fram kom að áætlaðar eru um 6 milljónir til viðhalds á árinu. Þar var tíundað í hvað fjármunirnir eiga að fara. Nokkuð var rætt um að margt væri komið á tíma og að ekki væri hægt að gera allt sem komið væri á tíma fyrir þessa upphæð og því væri hún ekki ásættanleg.

- Rekstur Varmahlíðarskóla árið 2023. Skjal fylgdi frá samandi íslenskra sveitarfélaga. Þar mátti sjá að kostnaður er línulegur miðað við nemendafjölda og eru fámennustu skólarnir því almennt dýrastir.

Samkvæmt þeim samanburði kemur Varmahlíðarskóli þokkalega út miðað við aðra skóla.

- Önnur mál. Trostan vakti máls á dómi Hæstaréttar um Seesaw, en þar var úrskurður persónuverndar felldur úr gildi, en Reykjavíkurborg hafði verið gert að greiða sekt vegna notkunar forritsins. Nokkrar umræður spunnust um þau námsumsjónarkerfi og skýjalausnir sem eru í boði. Fram kom að telja mætti líklegt að flestar skýjalausnir ættu það sameiginlegt að finna mætti á þeim glufur.

Þó var talið æskilegt að nýta þau kerfi sem í boði eru til þess að gera daglegt starf einfaldara og að halda utan um samskipti og gögn á einum stað.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður 4. febrúar kl. 8:15

Ekki fleira rætt og fundi slitið.